

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2012

2012/EES/63/19

frá 13. júlí 2012

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til samstarfs varðandi frelsi launþega til flutninga, samræmingu almannatryggingakerfa og ráðstafanir að því er varðar innflytjendur, m.a. innflytjendur frá þriðju löndum.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2012 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 5. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 11. mgr.:

„12. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 2012 að telja taka þátt í þeim aðgerðum sem eru fjármagnaðar af eftirtöldum fjárlagaliðum á fjárlögum Evrópusambandsins fyrir fjárhagsárið 2012:

- **Fjárlagaliður 04 01 04 08:** „Frelsi launþega til flutninga, samræming almannatryggingakerfa og ráðstafanir að því er varðar innflytjendur, m.a. innflytjendur frá þriðju löndum – Stjórnsýsluútgjöld“,
- **Fjárlagaliður 04 03 05:** „Frelsi launþega til flutninga, samræming almannatryggingakerfa og ráðstafanir að því er varðar innflytjendur, m.a. innflytjendur frá þriðju löndum“.

2. Orðin „og í áætluninni sem um getur í tólfða undirlið frá 1. janúar 2009“ í 5. mgr. hljóði svo: „í áætluninni sem um getur í tólfða undirlið frá 1. janúar 2009 og í aðgerðunum sem eru fjármagnaðar af fjárlagaliðum fjárhagsársins 2012 sem um getur í 12. mgr. frá 1. janúar 2012“.
3. Orðin „8. mgr.“ í 6. og 7. mgr. hljóði svo: „8. og 12. mgr.“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2012 að telja.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 46, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 48.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.